

Viðauki við samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Iðunnar-fræðsluseturs ehf.

1. gr.

Gildistími, sbr. 7. gr., í samningi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Iðunnar-fræðslusetur ehf. kt. 551203-2980, dags. 24.02.2015 framlengist til 31.12.2021.

2. gr.

Grein 1.2.3. í samningnum fellur út í heild.

3. gr.

Í stað tilvísana í Námsmatsstofnun í samningnum er framvegis átt við Menntamálastofnun.

4. gr.

Gjaldskrá Iðunnar, sem er í viðauka I með samningnum, verður óbreytt á árinu 2021 þ.e.:

- kr. 128.000,- fyrir sveinspróf í öllum greinum.
- kr. 16.400,- fyrir hvern námssamning.
- kr. 16.400,- fyrir hverja umsögn um viðurkenningu erlendrar starfsmenntunar.
- kr. 540.000,- fyrir hverja nemaleyfisnefnd.

5. gr.


Á árinu 2021 mun ráðuneytið endurskoða verklag um verkefni samningsins og gera úttekt á framkvæmd sveinsprófa. Endurskoðun getur falið í sér að heildarumfang verkefna samningsins dragist saman.

6. gr.

Í stað almennra tilvísana til laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 kemur vísun í lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Reykjavík, 21. desember 2020


f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


f.h. Iðunnar-fræðsluseturs